

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

ÁGÚST 2017

8. tbl. 24. árg.


**Slökkvitækja-
þjónustan**
564 1433
Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur
Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!


Systrasamlagið
Er um á Óðinsgötu 1
Mán. - fös.: 10 - 18.
Laugardagar: 11 - 17.
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid
www.systrasamlagid.is

Húsnæðisvandinn meiri en fólk gerir sér grein fyrir

Í blaðinu er rætt við Ragnar Þór Ingólfsson formann VR, sem er fæddur og uppalinn í Breiðholti. Hann segir að hér hafi orðið umtalsverð fólksfölgun. Lítið samband verið á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skipulagsmál og hafi sveitarstjórnir í einu sveitarfélagi lítið vitað um hvað verið sé að gera í því næsta.



 **Hádegistilboð**
Fría tilboð 11-16
LÍTIL PIZZA
af matséðli og 0,33 cl gos 1.000 KR.
MIÐSTÆRÐ
af matséðli og 0,33 cl gos 1.500 KR.
DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS


HAPPAFENGUR
Þú getur unnið 1 stóran fiski!
Húkkaðu í Happafeng
á næsta sölustað.
HAPPAPRENNAN
Skemmtilegt og skafal!

- bls. 4-5
Viðtal við Ragnar
Þór Ingólfsson
formann VR

Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst 510 7900


LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
- einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 - 18.00 • Lau: 10.00 - 14.00

TILBOÐ Á SVÍNAKJÖTI

Svínahnakki úrb.	1499 kr/kg	Svínasnitser	1399 kr/kg
Svínakótilettur	1599 kr/kg	Svínalundir	2499 kr/kg
Svínarif	1299 kr/kg		

SELJAKJÖR

- KAUPMAÐURINN Á HORNINU -



Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thoringimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

8. tbl. 24. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Þarf að byggja annað Breiðholt?

Þegar tekin var ákvörðun um byggingu Breiðholtsins og framkvæmdir hófust á sjöunda áratug liðinnar aldar hafði ófremdarástand ríkt í húsnæðismálum um langan tíma – ástand sem hvergi sá fyrir endann á nema að fara út í sértækar aðgerðir. Breiðholtið var að mestu fullbyggt á einum áratug. Bygging þess var kraftaverk sem leysti að verulegu leyti úr þeim brýna húsnæðisvanda sem lengi hafði einkennt höfuðborgina.

Á undanförunum árum hefur þörf fyrir íbúðarhúsnæði í Reykjavík farið vaxandi. Nánast alger stöðnun byggingaframkvæmda um árabíl eftir hrúnið 2008 á þar hluta að máli. Á þeim tíma tóku lánastofnanir íbúðir miskunnarlaust af fólki sem lent hafði í greiðsluferfiðleikum, einkum vegna gegnisfalls krónunnar og áhrifa verðtryggingar og seldi til leigufélaga og annarra. Einnig er um öra fólksfjölgun að ræða og stóraukin ferðapjónusta þarfnast stöðugt meira af íbúðarhúsnæði til gistingar.

Til að mæta þessum vanda hafa borgaryfirvöld lagt mikla áherslu á þéttingu byggðar. Borgarbyggðin er mjög dreifð og mörg stór svæði afar illa eða ekkert nýtt í gegnum tíðina. Þéttingin er því með nauðsynlegustu verkefnum sem farið hafa af stað í Reykjavík. En þétting byggðar í gömlum borgarhlutum er tímafrekari en bygging nýrra borgarhluta. Einkum vegna breytinga á skipulagi og einnig samninga við aðila sem þurfa að víkja með aðsetur sín vegna breyttrar landnotkunar.

Bygging þéttingin ein dugur ekki til að leysa bráðan húsnæðisvandann. Ljóst er að auk hennar verður að ráðast í byggingu nýs eða nýrra borgarhluta. Spurning er um hvort fara þurfi í sambærilegt átak og þegar Breiðholtið var byggt. Breiðholtið hefur elst vel sem sjálfstæður borgarhluti með fleiri en einum þjónustukjarna, öflugum heilsu- og íþróttalífi og menningarmiðstöð. Spurningin er hvort nýtt byggðarlag á borð við Breiðholtið gæti mætt húsnæðisvandanum líkt og varð á árdögum þess.

Miklar endurbætur við Bakkaborg



Hér má sjá hluta leiksvæðisins sem er klætt mjúku undirlagi sem dregur verulega úr eða fyrirbyggir hættu á meiðslum. Flottir drekar eru á meðal þess sem er á lóðinni.

Miklar endurbætur hafa farið fram á lóðinni við leikskólann Bakkaborg í Neðra Breiðholti. Lóðin hefur öll verið endurnýjuð og skipt um leiktæki auk þess sem hiti hefur verið settur í stéttar. Verið að ganga endanlega frá baklóðinni og eru verklok áætluð síðla í ágúst.

Þetta er síðari áfangi endurbýggingar lóðarinnar við Bakkaborg en heildarkostnaður er um 101 milljón króna en 75 milljónum er árlega veitt til endurgerðar leikskóla í fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar. Eins og sjá má af myndum eru leiktæki og búnaður af nýjustu gerð þar sem hugarflug hefur fengið að njóta sín til fulls.



Blómabeðin á leikskólalóðinni eru gerð úr trjábolum og eru sannarlega umhverfisvæn.

Ökum varlega! Skólarnir eru að byrja!



Gallery
fiskur

samskip

N1

T&G

Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Einkarekið apótek

Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg

Opið kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Deiliskipulag í Suður Mjódd

- umsagnaferli lokið – framkvæmdir á Heklureit hefjast
væntanlega að skipulagsvinnu lokinni

Tillögur að deiliskipulagi fyrir Suður Mjóddina í Breiðholti hafa verið til kynningar að undanförunu og lýkur umsagnaferlinu við skipulagið í dag 17. ágúst. Þá tekur úrvinnsla við, farið verður yfir allan innsendar hugmyndir og athugasemdir og þær metnar. Gert er ráð fyrir að því verki loknu verði deiliskipulagið staðfest í skipulagsráði og síðar í borgarráði.

Um er að ræða svæðið í Suður Mjóddinni þar sem Félag eldri borgara, borgin vegna ÍR og Hekla hf. verða með íbúðir og starfsemi. Borgarráð samþykkti 26. janúar síðastliðinn viljayfirlýsingu á milli Reykjavíkurborgar og Heklu um lóðarvilyrði til fyrirtækisins fyrir byggingu nýrra höfuðstöðva bílaumboðsins í Syðri-Mjódd sem yrði um 24 þúsund fermetrar að stærð. Nokkuð var um

athugasemdir vegna vilyrðisins til Heklu þar sem talið var að svo umfangsmikið athafnasvæði myndi ekki rúmast vel á þessu svæði. Flutningur Heklu í Mjóddina er hluti af stærra máli en það er uppbygging íbúðarhúsnæðis á Heklureitnum við Laugaveg þar sem bíla- og vélaumboðið hefur verið í langan tíma. Að deiliskipulaginu frágengnu og samþykkti má gera



Séð yfir ÍR svæðið í Suður Mjódd. Á teikningunni hefur íþróttavöllur fyrir ÍR verið settur inn.

ráð fyrir að framkvæmdir muni hefjast á Heklusvæðinu en framkvæmdir eru þegar hafnar við

byggingu íbúða fyrir eldri borgara og félagssvæðis ÍR.

Fasteignamat hefur hækkaði mest í Efra Breiðholti



Meðalhækkun fasteignamats í Reykjavík var mest í Efra Breiðholti en þar hækkaði matið um 20,8 prósent. Frá því í desember 2010 hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað um allt að 90 prósent.

Tekjur vegna fasteignaskatta í Reykjavík hækkuðu um 50 prósent hærri en árið 2010. Á milli áruna 2016 og 2017 skiluðu fasteignaskattar 18,2 milljörðum í tekjum í borgarsjóð. Reykjavíkurborg fékk tæplega 12,1 milljarð króna í fasteignaskatta árið 2016 og áætlað er að borgin innheimti 18,2 milljarða króna vegna ársins 2017. Hærri tekjur af fasteignasköttum má því rekja beint til þessarar hækkunar sem er tilkomin af mikilli eftirspurn eftir húsnæði umfram framboð.

Átta sóttu um leikskólastjórstöður í Neðra Breiðholti

Átta sóttu um stöður leikskólastjóra í leikskólunum Borg og Bakkaborg í Neðra Breiðholti. Leikskólinn Borg varð til við sameiningu Arnarborgar og Fálkaborgar.

Arnarborg var þriggja deilda leikskóli til húsa við Mariubakka og hóf starfsemi sína 20. janúar 1972 en byggt var við hann árið 1993. Leikskólinn Fálkaborg hóf starfsemi 1980. Nú eru skólarnir reknir sem einn skóli Leikskólinn Borg.

Um leikskólastjórstöðu í Borg sóttu; Arna Dröfn Þrastardóttir, Gyða Guðmundsdóttir, Linda Rún Traustadóttir, Svanhvít Mjöll Aradóttir og Þórdís Hauksdóttir. Umsækjendur um stöðu leikskólastjóra í Bakkaborg eru; Ágústa Amalía Friðriksdóttir, Ásta Kristín Svavarsdóttir og Gyða Guðmundsdóttir.



VIÐTALIÐ

Fólk er óánægt með getuleysi þeirra sem eiga að gæta hagsmuna almennings

Ragnar Þór Ingólfsson var kjörinn formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur í mars á þessu ári með tæpum 63% atkvæða. Segja má að kjör hans hafi borið að með nokkuð óvæntum hætti en hann sigraði sitjandi formann með fyrrgreindum yfirburðum. Ragnar hafði tekið talsverðan þátt í störfum VR og einnig umræðum um þjóðmál – einkum kjara- og lífeyrismál og náð eyrum fólks í því sambandi. Hann telur að ná þurfi fram ýmsum breytingum einkum er snertir starfsemi lífeyrissjóða og einnig annarra málefna. Ragnar Þór er Breiðhlyttingur. Foreldrar hans bjuggu í Bökkunum þegar hann fæddist en fluttu síðan í Efra Beiðholtíð þar sem hann ólst upp í hornblokkinni við Austurberg 20 og gekk í skóla, fyrst í Hólabrekku og síðan í FB. Þaðan lá leið hans í reiðhjólin en hann starfaði sem verslunarstjóri í Erninum um nær aldarfjórðungs skeið. Þótt hann búi hinum megin Elliðaárdalsins sem stendur – í Árbænum kveðst hann oft horfa yfir dalinn í átt til æskuslóðanna og ef hann hugsi sér til hreyfings þá verði farið heim eins og hann kemst að orði.

Þegar Ragnar er sestur með Breiðholtsblaðinu á Cocina Rodrigues í Gerðubergi stendur ekki á að rifja upp gamla tíma. Hann horfir í kringum sig og segir: “Hér lék maður sér sem krakki. Ég man vel þegar Gerðuberg var í byggingu og við fórum mikið þangað. Þegar menn voru að grafa grunninn að húsinu var ég að horfa á þá út um gluggann minn í Austurberginu. Við lékum okkur í hálfbyggðu húsinu, fundum, glufur til þess að lauma okkur inn, mokuðum í sandhaugunum og stukkum niður af stillönsum og enduðum stundum uppi á þaki ef ég man rétt.”

Austurbergið er mitt heimasvæði

“Eftir að við fluttumst úr Írabakkanum varð Austurbergið og nágrenni athafnasvæði okkar krakkanna. Ég kunní strax vel við mig og í hvert skipti sem rætt var í fjölskyldunni hvort við ættum að flytja tilkynnti ég að ég færi ekki með því hér ætti ég heima. Ég held að aldrei hafi verið hugað að flutningum í neinni alvöru og til marks um staðfestu mína að þessu leyti þá hóf ég minn eigin búskap í Austurberginu í kjallaraíbúð sem



Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR.

foreldrar mínir áttu í blokkinni við Austurberg 20.” Ragnar segir að þarna hafi vinahópur orðið til sem haldi saman enn þann dag í dag. “Við erum 16 félagar sem höfum haldið hópinn frá þessum tíma. Ég veit ekki hvort myndun svona kunningjahópa er eins algeng í dag. Ég hef engan samanburð. Ég þekki ekki annað.”

Er Leiknismaður

“Ég er líka Leiknismaður,” heldur Ragnar áfram. “Ég er fæddur daginn sem Leiknir var stofnaður 17. maí á þjóðhátíðardegi Norðmanna 1973 og spilaði með yngri flokkunum í Leikni á sínum tíma. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki verið nægilega duglegur

að mæta á leiki á síðari árum en hef engu að síður sterkar tugar til félagsins. Svo á ég góðar minningar héðan úr Gerðubergi eftir að húsið var fullbyggt. Ég kom mikið hingað sérstaklega í bókasafnið. Það var frábært að dífa sér í leðursófana með blöð til þess að skoða og lesa. Og svo var skátastarfið. Ég var í Haförnunum og man vel eftir gamla skátaheimilinu sem brann á endanum. Þetta var kofi sem var kominn í mikla niðurníðslu en notaður lengi vel. Við smíðuðum líka fyrsta hjólabrettarampinn sem var í fullri lengd hér á landi. Hann var fyrir framan skátakofann og var brenndur – en sá bruni átti ekkert skylt við bruna kofans. Rampurinn var brenndur alveg sér.”

Verslunarstjóri, hjólreiðar tónlistarlíf og fleira

Svo tekur alvaran við af græskulausri æsku í Breiðholtinu. “Það má alveg taka þannig til orða. Ég byrjaði að vinna í Erninum árið 1992 og vann þar alveg þangað til að ég fór að hafa afskipti af stjórnmálum. Ég starfaði þar sem sölustjóri og náði aldarfjórðungs starfsaldri um áramótin 2016 þegar ég tók ákvörðun um að hætta.” En er Ragnar þá ekki hjólreiðamaður sjálfur hafa verandi innan um reiðhjól í 25 ár. “Já, jú – ég er hjólreiðamaður og nú þegar ég er hættur að starfa við sölu á þeim þá eru hjólreiðar helsta áhugamálið fyrir utan vinnuna. Hjólreiðarnar eru ákveðinn

Eftir fráfall innan fjölskyldunnar fyrir um áratug fór ég að skoða lífeyriskerfið með gagnrýnum hætti og skrifa um það. Þetta koma til þegar ég var ásamt vini mínum, sem ég var einnig tengdur fjölskylduböndum í veiðiferð árið 2007, og hann varð bráðkvaddur í höndunum á mér. Þetta fólk var á svipuðu reki og ég og eftir stóð ekkja með tvö ung börn. Þá fór ég að átta mig á að lífeyriskerfið er ekki það bakland sem það ætti að vera og ég fór að skoða það nánar.

partur af manni. Ég hef skipulagt nokkrar hjólreiðaferðir í fjarlægari löndum. Á Kúbu og í Austur Asíu, í Taílandi og Kambódíu. Ég hjóla líka innanlands en stunda ekki keppni. Hjólreiðarnar eru fremur hugleiðsla fyrir mig. Á hjólinu næ ég að tæma hugann. Ragnar var líka í músikinni á strákárunum. “Við stofnuðum fyrstu raphljómsveitina á Íslandi. Þar voru Helgi Eiríksson sem nú stýrir Miðbergi og Bergsveinn Árelíusson söngvarar. Ég spilaði á trommur með nokkrum hljómsveitum. Skólahljómsveit FB og ég spilaði líka með Heru Þórhalls söngkonu svo einhverra sé getið. Æskustundirnar í Austurberginu voru skemmtilegur tími,” heldur Ragnar áfram. “Í minningunni er þetta eiginlega samfellt ævintýri. Frumbyggjarnir héldu mikið hópinn og það var lítil hreyfing á fólki. Ég held að þetta hafi haldist nokkuð. Fólk er að hugsa um börnin. Veita þeim tækifæri til þess að alast upp í sama umhverfinu í sömu skólum. Fólk metur að ala þau upp í rótgrónu umhverfi. Allt fram á fullorðinsár voru flest allir vinir mínir og kunningjar úr Efra

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Breiðholtinu. Allt til þess að þeir voru flognir úr hreiðrunum. Svona uppeldi mótar mann fyrir lífstíð.

Sorgarathurður kom mér til að hugsa um velferðarmálin

En að deginum í dag. Þú ákvaðst að snúa við blaðinu og hætta stjórnunarstörfum við verslun og gerast verkalýðsforingi ef svo má að orði komast. Ragnar segir það hafa átt nokkurn aðdraganda. "Eftir fráfall innan fjölskyldunnar fyrir um áratug fór ég að skoða lífeyriskerfið með gagnrýnum hætti og skrifa um það. Þetta koma til þegar ég var ásamt vini mínum, sem ég var einnig tengdur fjölskylduböndum í veiðiferð árið 2007, og hann varð bráðkvaddur í höndunum á mér. Þetta fólk var á svipuðu reki og ég og eftir stóð ekkja með tvö ung börn. Þá fór ég að átta mig á að lífeyriskerfið er ekki það bakland sem það ætti að vera og ég fór að skoða það nánar. Kannski var ástæðan fyrir því að ég fór að kynna mér kerfið mín leið til þess að syrgja góðan vin. Upp frá því fór ég að taka virkan þátt í umræðunni, í búsaáhaldráðingunni og hallarbyltingu sem gerð var í VR og skilaði mér inn í stjórn félagsins. Ég kom að stofnun Hagsmunasamtaka Heimilanna og á þar sæti í stjórn. Hef beitt mér fyrir afnámi verðtryggingar á neytendalánum og aðgerðum gegn grímulausu vaxtaokri sem hér virðist meitlað í stein. Ég hef skrifað fjölda greina um nauðsyn þess að gjörbreyta lífeyriskerfinu sem í raun er ein stór fátækragildra vegna samspils kerfisins við almannatryggingar og hef bent á alvarlega kerfisgalla sem standast ekki nokkra skoðun og eins bent á lausnir til að leysa vanda kerfisins."

Húsnæðisvandinn meiri en fólk gerir sér grein fyrir

Ragnar Þór snýr sér að húsnæðisvandann og segir hann miklu alvarlegri en fólk geri sér grein fyrir. "Þessi vandi á sér ýmsar orsakir. Hér hefur orðið umtalsverð fólksfjölgun. Lítið samband hefur verið á milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðisins um skipulagsmál og raunar hafa sveitarstjórnir í einu sveitarfélagi lítið vitað um hvað verið er að gera í því næsta. Í mínum huga þarf að skipuleggja þetta svæði allt með sameiginlega hagsmuni íbúanna í huga eins og farið er að huga að. Þetta er í rauninni eitt byggðarlag sem þarf að líta til í einu lagi þegar kemur að skipulags- og húsnæðismálum. Við þetta bæstast svo áhrif af nokkurra ára stöðnun húsnæðis eftir hrúnið 2008." Ragnar segir að þótt allt gott megi segja um þéttingu byggðar í Reykjavík og betri nýtingu landkosta hafi það ekki dugað til að leysa húsnæðisvandann. Einnig verði að byggja á öðrum svæðum utan núverandi byggðar."

Bygging Breiðholtsins var kraftaverk

Of þá vaknar spurningin. Er vandinn svo stór að ráðast verði í skipulagningu og uppbyggingu byggðar í líkingu við það sem gert var á sjöunda áratug liðinnar aldar þegar Breiðholtíð var byggt utan þáverandi byggðar í Reykjavík. Þarf ef til vill að móta

ýtt byggingasvæði utan núverandi byggðar. Ragnar hugsar sig um "Bygging Breiðholtsins var afrek á sínum tíma og leysi mikinn og uppsafnaðan vanda. Nýtt hverfi með 10 til 12 þúsund manna byggð myndi leysa núverandi vanda að mestu að viðbætti þéttingunni og jafnvel einhverjum flýtiáðgerðum. Þegar gosið varð í Vestmannaeyjum eftir áramótin 1973 þurfti að finna Vestmanneyingum húsnæði upp á landi án nokkurs fyrirvara. Þá var tekist á við þann bráðavanda með eftirminnilegum hætti. Hér í Breiðholtinu er hverfi sem byggt var upp af innfluttum húsum sem nefnd voru Viðlagasjóðshús vegna þess að samnefndur sjóður tók þátt í að koma upp húsnæði fyrir fólk sem þurfti að flýja heimili sín í Vestmannaeyjum. Þetta húsnæði hefur reynt vel og er enn í fullri notkun áratugum síðar. Hugsanlega má líta til þessarar reynslu nú þegar vandinn virðist stöðugt fara vaxandi. Ég held að hluti hans felist í sífellt aukinni skrifinnsku vegna byggingaframkvæmda. Það er verið að þyngja skipulags- og byggingarreglugerðir og viðbragðshraðinn er orðinn fáránlega langur. Ég get bent á dæmi. Húsnæðisfélagið Bjarg er að fara af stað með byggingu um 2600 íbúða en það tekur um tvö ár að breyta skipulagi. Þetta tefur byggðapéttinguna um of þegar jafn mikill vandi blasir við. Fólk er farið að koma sér fyrir austan fjall; í Hveragerði, á Selfossi og á Akranesi og nágrenni. Einnig á Suðurnesjum og hika ekki við að sækja vinnu inn á höfuðborgarsvæðið."

Búsetuöryggi er mannréttindamál

Hvar mætti hugsa sér að byggja "nýtt Breiðholt" ef svo má að orði komast. Ragnar segir að enn sé til nóg af byggingarlandi, til dæmis við Úlfarsfell en sveitarfélagin verði líka að mæta þessum vanda sem ein heild en ekki hvert fyrir sig og síst af öllu í samkeppni hvert við annað. "Ég held að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af að fólk tengist ekki nýjum byggðum sé rétt að málum staðið. Þegar ég var að alast upp í Austurberginu var flest sem við þurftum að hafa í nágrenninu. Skólarnir, íþróttahúsið við Austurberg, Leiknisvöllurinn, Breiðholtslaugin, Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Heilsugæslan og verslunarmiðstöðin Hólagarður sem byggð var af framsýni eins manns. Spurning er um hvort gera mætti eitthvað í líkingu við þetta við Úlfarsfellið. Ef farið verður út í að byggja stóran framtíðarborgarhluta þar þá er Breiðholtíð góð fyrirmynd. Við getum ekki sætt okkur við að fólk eigi ekki samastað, sé stöðugt í leit að húsnæði, sé flýgjandi fram og til baka á milli staða og geti hvergi fest rætur af þeim sökum. Það er framtíð sem við viljum ekki búa börnunum okkar. Í mínum huga er búsetuöryggi mannréttindamál."

Íbúðir færðar frá fólki til fasteignafélaga

En af hverju er þetta svona. Hvað gerðist í samfélaginu sem leitt hefur til þess að búsetuöryggi er ekki fyrir hendi. "Þetta er fyrst og fremst sjálfskapað ástand sem verður af meðvituðu aðgerðarleysi af hálfu ríkis og sveitarfélaga

og verkalýðshreyfingarinnar og markaðurinn hefur nýtt sér. Leigurisar, fasteignafélög og jafnvel einstaklingar hafa þegar hagnast ævintýralega á þessu ástandi. Sveitarfélögunum láðist að kortleggja húsnæðisþörfina og síðan bættist við aukin þörf vegna stöðugt vaxandi ferðapjónustu." Ragnar segir engan veginn ljóst hvernig þetta muni enda. "Þúsundir íbúða hafa verið færðar frá bönkunum sem eru að miklu leyti í eigu ríkisins og íbúðalánsjóðs sem einnig er í eigu hins opinbera til fasteignafélaga. Mikill hluti þessara íbúða hafa verið hirtar með óbilgjörnum hætti af fólki sem lent hafði í erfiðleikum vegna vísitölubindingar lána eftir hrúnið og komið í hendur þessara félaga. Með ólíkindum er að þjóðkjörnir einstaklingar sem áttu að gæta hagsmuna almennings skuli hafa gefið fjármála- og viðskiptalífinu skotleyfi á almennig að þessu leyti."

Verkalýðshreyfingin ber ábyrgð

Ber verkalýðshreyfingin einhverja ábyrgð að þessu leyti. "Já – hún gerir það. Vissulega. Að sjálfsögðu átti hún að taka í taumana en ekki eingöngu að sjá um að hækka laun fólks í takti við verðbólguþá Seðlabankans. Hvernig má það vera að fjölskylda með þrjú börn sem er búin að missa íbúðina sína til banka og leigir af honum fer til umboðsmanns skuldara og útlausnin er sú að bankinn selur íbúðina í hendur fasteignafélagsins sem hækkar leiguna tvöfalt eða meira. Fjölskyldan getur ekki greitt svo háa leigu búinni að missa allt sitt og er hent út á götuna."

Hvernig verður þeirra minnst sem tóku stöðu gegn fólki

Ragnar segir að öll úrræði sem notuð hafi verið og áttu að hjálpa fólki í eftirmálum hrunsins séu til háborinnar skammar. "Ríkið gekk hreinlega á móti þessu fólki sem missti eigin sín í verðbóluskotinu sem var eftir hrúnið og snarhækkaði skuldir þess umfram tekju- og eignastöðu. Ég velti fyrir mér hvernig þeirra einstaklinga verður minnst sem tóku stöðu gegn fólki með þessum hætti." Hann kveðst vera með þessa sögu í farangrinum í sinni baráttu. Hvernig hundruð fjölskyldna misstu heimili sín. Hvernig fjölskyldur leystust upp. Hvernig fólk tók líf sitt í örvæntingu þegar því fannst það vera svipt framtíðinni. "Vinstri flokkarnir ætluðu að slá skjaldborg um heimilin en slógu þess í stað skjaldborg um fjármálakerfið. Vildi ríghalda í verðtrygginguna. Forseti Alþýðusambandsins lagðist einnig hart gegn því að taka vísitöluna úr sambandi á sama tíma og hún var að hrekja fólk út á götuna."

Ráðandi valdakjarni með sterka stöðu

"Ég hafði ekki verið að velta því fyrir mér hverjir stjórnðu landinu áður en að ég lagði í þessa vegferð. Ég byrjaði að stúdera kerfið. Finna út hvernig það er byggt upp, hvernig ávöxtunin verður til og hvernig það virkar. Ég byrjaði að skrifa greinar og var með fjölmennan tölvupóstlista. Ég fór að fá svör frá þeim sem lásu þetta og fann að þessi skrif mín höfðu áhrif. Um það leyti sem hrúnið varð komst ég í samband við Herdísi Dröfn Baldvinsdóttir sem hafði skrifað doktorsritgerð um tengslanet valda á Íslandi. Ég las ritgerðina

og niðurstöðurnar komu heim og saman við það sem ég var búinn að komast að um lífeyrissjóðina." Í doktorsritgerðinni rekur Herdísi Dröfn tengsl hinna ýmsu aðila innan atvinnulífsins, fjármálagæirans og verkalýðshreyfingarinnar. Herdísi setur fram þá kenningu að á Íslandi sé ráðandi valdakjarni með sterka aðstöðu í stærstu hlutafélögum og fjármálastofnunum. Hann stýri og samhæfi stærstu atvinnufyrirtæki landsins og leggi öll ráð um félagslegar og stjórnmálalegar aðgerðir. Þetta sjáist bæði af fjárfestingum í fyrirtækjum og enn skýrar þegar skoðað er flókið samspil þeirra á stjórnarsetu sem gerir tengsl þeirra að þéttriðnu neti. "Lestur ritgerðarinnar vakti ásamt mínum eigin athugunum upp óteljandi spurningar um tengslin á bak við tjöldin og ég fór að benda á þessi tengsl opinberlega. Þessi vinna mín skilaði mér inn í stjórn VR þar sem sumir litu á mig eins og þjóf á nóttu. Ég hafði hugsað mér að hætta fyrir síðustu kosningar en þegar ég fann fyrir miklum stuðningi ákvað ég að slá til. Formannskjórið í VR er eftirleikurinn sem segir mér að fólk vill breyta til og ekki aðeins í húsnæðismálunum. Fólk er óánægt með getuleysi þeirra sem eiga að gæta hagsmuna almennings."

Ætla að leggja allt í sölurnar fyrir breytingar

Hvað serðu fyrir þér sem formaður VR. "Persónulega hef ég ekki metnað til frama en ég ætla að nota þessa stöðu til þess að gera breytingar. Ég ætla að leggja allt í sölurnar. Ég hef óbilandi trú á að það sé hægt en ég geri það ekki einn. Eina leiðin til þess er að hafa hóp fólks með sér - fólks sem hefur kjark til þess að taka slaginn og fara í það stríð sem þarf."

Laugarnar í Reykjavík

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGAR Í SUMAR NÁNAR Á ITR.IS

Fyrir líkamna og sál

Fyrir alla fjölskyldana **Í þínu hverfi** **Frá morgni til kvölds**

ITR

Sími: 411 5000 • www.itr.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekkur 1, Kópavogi SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNsla

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

Sverrir Einarsson www.utforin.is Kristín Ingólfssdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

Félagsstarfið í Seljahlíð

Hélt upp á hinsegin daga með litríkri fallhlíf



Hér má sjá félagi í félagsstarfinu í Seljahlíð taka þátt í hinsegin dögum og leggja málefninu lið.

Félagsstarfinu í Seljahlíð barst þessi litríka fallhlíf að gjöf fyrir stuttu. Svo skemmtilega vill til að Hinsegin dagar stóðu yfir í Reykjavík dagana 8. til 13. ágúst og eru litir regnbogans einkennandi fyrir þá daga.

Af því tilefni var gripið til smá tilbreytingar í leikfimi einn þessara daga með fallhlífinni í litum regnbogans sem innlegg í Gleðigöngu Hinsegin daga sem var laugardaginn 12. ágúst sl. Fallhlífir eykur á fjölbreytni í hreyfingu heimilismanna og laðar etv. fleiri heimilismenn til þátttöku í hreyfingu.

Pólskir listamenn sýna veggspjöld í Gerðubergi

Veggspjöld eiga sér lengri og merkilegri sögu en marga grunar. Í Póllandi er veggspjaldagerð hátt skrifuð og á sér merka sögu sem listgrein. Í menningarborginni Kraká er að finna gallerý sem Krzysztof nokkur Dydo stofnaði, en hann hefur til marga ára safnað öllum gerðum af veggspjöldum eftir pólska listamenn.

Dóttir hans, Natalia, sótti menningarhús Borgarbókasafnsins í Gerðubergi heim á síðasta ári og bauð safninu að taka þátt í pólski menningarhátíð hér á landi sem fram fer dagana 23. til 29. september en auk Borgarbókasafnsins taka nokkrar aðrar menningarstofnanir í Reykjavík og Akureyri þátt, auk Listaháskóla Íslands og Myndlistaskólans á Akureyri. Á hátíðinni verða opnaðar listsýningar þar sem gefur að líta veggspjöld frá ýmsum tímum og kynna ýmist það sem hæst ber í menningarlífinu svo sem í leikhúsum, óperu eða kvikmyndum eða koma á framfæri skilaboðum til samfélagsins í formi hvatningar, auglýsinga eða áróðurs. Á hátíðinni verður einnig boðið upp á fyrirlestra og kvikmyndasýningar sem gefa innsýn í þessa merkilegu listgrein. Í Gerðubergi verða sýnd veggspjöld eftir þrjá samtímalistamenn; Leszek Zebrowski, Sebastian Kubica og Moniku Starowicz en þau eru sérstakir gestir hátíðarinnar. Sýningin verður opnuð laugardaginn 23. september kl. 14 og á sunnudeginum verður



9 til 12 ára krökkum boðið að taka þátt í smíðju þar sem þau fá að spreyta sig í gerð veggspjalda. Nánari upplýsingar er að finna á www.borgarbokasafn.is.

Frú Sigurlaug á nýjum og betri stað í Mjóddinni

Verslunin frú Sigurlaug hefur flutt sig um set í Mjóddinni í Breiðholti og er nú staðsett við hliðina á innganginum að heilsugæslustöðinni gegnt verslun Nettó. Verslunin var opnuð 10. nóvember árið 2010 og var til að byrja með í vesturenda göngugötunnar en síðar í austari hlutanum við hlið Fiskbúðar Hólmgeirs.

Sigurlaug Margrét Guðmundsdóttir eigandi Frú Sigurlaugar og verslunarstjóri segir að með nýja húsnæðinu hafi verslunin fengið mikið stærra og rúmbetra pláss sem auki möguleikana á fjölbreyttara vöruúrvali en ekki síður aðstöðu fyrir viðskiptavinina. Frú Sigurlaug verslar með náttfatnað, undirföt, sloppa, sundfatnað, strandfatnað, heima-fatnað, íþróttfatnað, blússur, boli og ýmislegt annað. „Við leggjum mikið upp úr því að eiga vörur fyrir konur á öllum aldri og einnig í öllum stærðum. Við erum líka með náttföt og sloppa fyrir börn og herra og erum nú farin að bjóða uppá mjög vönduð nærföt



Frú Sigurlaug í nýjum húsakynnum.

fyrir herra. Við flytjum allar vörur beint inn og með því hefur okkur tekist að bjóða viðskiptavininum hagstæð verð í gegnum árin. Fólk hefur áttað sig á því og salan hefur verið að aukast stöðugt frá upphafi. „Öllum vörum er komið smekklega fyrir í nýja húsnæðinu þar sem auðvelt er fyrir viðskiptavinum að skoða. Sigurlaug

Margrét segist leggja mikið upp úr því að viðskiptavininum líði vel í versluninni og geti gefið sér góðan tíma til þess að skoða vörur og til þess að máta. „Þarfir fólks og óskir eru misjafnar og það er okkar að verða við þeim. Nýja húsnæðið veitir okkur betra tækifæri til þess.“

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Kebab Express



Lóuhólar 4, nálægt Dominospizza

Sími: 557 1414

Coca-Cola

Léttir liðir með Túrmerik



www.iceherbs.is

20%
AFSLÁTTUR
Í ÁGÚST



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

Fæst í öllum apótekum, heilsuvörverslunum, Hagkaupum og Fríhöfninni Keflavíkflugvelli.



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB og Júlíana Indriádadóttir skólastjóri Tónskóla Sigursveins með samstarfssamninginn nýundirritaðan.

FB og Tónskóli Sigursveins hefja samstarf

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar hafa ákveðið að hefja samstarf um tónlistarkennslu en þeir eru nágrannar í Efra Breiðholti.

Skólameistari FB og skólastjóri Tónskólans undirrituðu samstarfssamning um tónlistarkennslu fyrir nemendur í FB þann 10. ágúst sl. Skólarnir

hafa verið í samræðum um mögulegt samstarf og var ákveðið að byrja á því á haustönn að bjóða nemendum að taka áfanga í rytmískri tónlist. Nemendur fá áfangann metinn sem sköpunaráfanga, sem er skylda á öllum bóknámsbrautum skólans. Ef vel tekst til er hér vonandi um að ræða upphaf að samstarfi til lengri tíma.

LÍFRÆN MENNINGARNÓTT!

Dagskrá:
Óðinsgötujóga Systrasamlagsins
og POPUP YOGA REYKJAVÍK frá 14-14.45
Gongslökun með Áshildi Hlín frá 14.45- 15.15.
Frítt engiferskot fyrir alla þátttakendur.



Kaffi, kökur og önnur hollusta allan daginn.
Opið frá 11-19 á Menningarnótt.



ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
Heimasíða: www.systrasamlagid.is
www.facebook.com/Systrasamlagid
Sími: 511 6367

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG FULLORÐNA

JL HÚSIÐ, HRINGBRAUT 121
MIÐBERG, BREIÐHOLTI
KORPÚLFSSTAÐIR

SKRÁNING STENDUR YFIR

WWW.MIR.IS – S. 551-1990

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Okkar frábæra
BioMiracle vörulína
er áhrifamikil og á
algjöru Costco verði



BioMiracle

„Lyfjaval leggur metnað í að bjóða viðskiptavinum sínum lyf á lágmarksverði,
þar sem fagmennska, heiðarleiki og nærgætni við viðskiptavini er í fyrirrúmi.“



Lyfjaval Mjódd, Álfabakka 14, Sími: 577 1166, www.lyfjaval.is

Opnunartími: Virka daga 09:00-18:30 og laugardaga 12:00-16:00



ÍPRÓTTIR Í

Fyrsta flokk

Hreyfing er einn af lykilþáttum

Íþróttaiðkun ungmenna eykur líkur á heilbrigðum lífsstíl seinna á lífsleiðinni.

Íþróttaiðkun hefur jákvæð áhrif á námsárangur.

Íþróttaiðkun dregur úr líkum á óæskilegri hegðun og vímuefnanotkun.



Leiknir býður upp á knattspyrnu fyrir alla aldurshópa allt árið um kring. Æfingar fara fram á Leiknisvelli og í íþróttahúsi Fellaskóla.

Nánari upplýsingar og skráning á www.leiknir.com eða í síma 557-8050.



Sundfélagið Ægir býður upp á sundæfingar fyrir börn, unglunga og full-orðna. Æft er í Laugardalslaug, Breiðholtslaug og Ölduselslaug. Æfingar fyrir 4-6 ára, 6-8 ára, 8-10 ára, 9-11 ára og 10-12 ára fara fram í Breiðholtslaug eða Ölduselslaug.

Nánari upplýsingar og skráning á www.aegir.is eða í síma 820-3156.

Frístun

Reykjavíkurborg býður öllum foreldrum 6-18 ára barna styrk að upphæð 5

Íþróttafélög aðstoða við að

BREIÐHOLTI

ks hreyfing



m í Heilsueflandi Breiðholti



ÍR býður upp á fjölbreytt íþróttastarf fyrir allan aldur. Nánari upplýsingar og skráning á www.ir.is eða í síma 587-7080.

Skráning hefst mánudaginn 21. ágúst.

Æfingar í flestum greinum hefjast mánudaginn 28. ágúst.

Knattspyrna

ÍR-völlur, Seljaskóli og Austurberg

Körfubolti

Seljaskóli og Breiðholtsskóli

Handbolti

Breiðholtsskóli, Seljaskóli og Austurberg

Júdó

ÍR-heimili

Karate

Austurberg

Taekwondo

ÍR-heimili

Frjálsar íþróttir

Breiðholtsskóli og Laugardalshöll

Skíði

Laugardalshöll og Bláfjöll

Dans

Street dans Brynju ÍR-heimili

Fimleikar 5-8 ára

Breiðholtsskóli

Íþróttaskóli 2-5 ára

Breiðholtsskóli

Keila

Austurberg og Egilshöll

ÍR- ungar - margar íþróttir, eitt gjald

Fyrir krakka í 1. og 2. bekk strax eftir skóla. Eitt æfingagjald fyrir margar íþróttagreinar

Keila - Körfubolti - Knattspyrna - Handbolti - Skíði - Frjálsar

Frístundastrætó gengur á milli skóla og íþróttahúsa. Frístundaheimili í Austurbergi.

Almenningsíþróttir ÍR-heimili

Kvinnaleikfimi - Skokkhópur - Þrekhópur - Íþróttir eldri borgara

Frístundakortið

50.000 krónur á ári sem nýta má til að greiða fyrir íþróttaiðkun ungmenna.

Þú sækja um frístundakortið.

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Nauðsynlegt fyrir alla að læra tungumálið þar sem þeir búa

- segir Tryggvi Pétur Brynjarsson sem rifjar upp æskuna í Breiðholti og annað lífshlaup sitt í spjalli við Breiðholtsblaðið

„Breiðholtið er finn staður. Æskustöðvarnar mínar eru í Yrsufellinu og ég kalla mig stundum Tryggva Pétur frá Yrsufelli eftir að ég fór að fást við að yrkja. Það var svo margt í gangi þegar ég var krakki. Byggðin var iðandi af lífi og krakkar út um allt. Ég hóf skólagönguna í leikskóla í Fellunum og síðan í Fellaskóla en svo flutti móðir mín Kristín Stefánsdóttir með manni sínum og stjúpföður mínum James Boyce út á Reykjanes – þangað sem nú heitir Ásbrú en þá var herstöðin enn hér og hann starfaði fyrir herinn. Eftir að herinn fór fórum við á dálítið flakk. Við bjuggum um tíma á Háaleitinu og einnig á Kleppsveginum þar sem Rósa Ragnarsdóttir amma mín bjó lengst af en hún féll frá á besta aldri árið 2004. Eftir það fluttum við til Bandaríkjanna þar sem ég dvaldi næstu árin en kom heim til Íslands árið 2014. En hvar sem ég hef farið um og verið þá er Breiðholtið alltaf efst í huganum. Ég var um tíma í Seljahverfinu eftir heimkomuna en er ekki í Breiðholtinu sem stendur sem er vegna húsnæðismála. Móðir mín er hins vegar flutt í Bakkahverfið og ég mun að öllum líkindum horfa til Breiðholtsins – til æskustöðva minna þegar ég hugsa mér næst til hreyfings, segir Tryggvi Pétur Brynjarsson í spjalli við Breiðholtsblaðið.

Tryggvi Pétur er tvíburi. Hann og tvíburabróðir hans Stefán Snær eru fæddir 22. febrúar 1992 – talsvert fyrir ætlaðan fæðingartíma og dvöldu því fyrstu vikur æfi sinna á vöku-deild Landsspítalans. Þeir eiga þrjú hálf systkini sammæðra en faðirinn er bandarískur. Fjölskyldan er þó flóknari því faðir Tryggva Péturs hélt til Svíþjóðar eftir að sambandi hans og móður hans lauk. Þar kynntist hann konu frá Rúmeníu. Þau eignuðust dreng og þar er hálfbróðir Tryggva sem er hálfur Rúmeni. Faðir Tryggva Péturs lést í vinnuslysi í Noregi þar sem hann starfaði eftir að hann fluttist til Svíþjóðar. „Þessi hálfbróðir minn býr í Svíþjóð og móðir hans einnig en hann var það ungur þegar faðir okkar féll frá að hann talar ekki íslensku. Ég hef hitt hann en ég á í mestum samskiptum við hálfamerísku systkini mín og tvíburabróður minn enda er öll fjölskyldan nú komin hingað.“

Fólk sem kemur hingað á að læra íslensku

Tryggvi Pétur kom heim frá Bandaríkjunum á undan fjölskyldu sinni „Ég var mest einn á

báti og bjargaði mér en fékk þó góðan stuðning frá ættingjum mínum. Ég var í framhaldsskóla vestra en lauk ekki alveg við skólann. Var 17 ára þegar ég hætti. Ég var í skóla þar sem mikið var um dökkt fólk – á ég kannski að segja í svörtum skóla. Bandaríkin eru samfélag fjölmenningar en þó er mikið um fordóma. Einkum í garð litaðs fólks og ýmissa minnihlutahópa. Ég féll strax inn í hugsunarhátinn og mannfélagið hér en hef þá tilfinningu að hálf systkini mín hugsi öðru vísi. Meira eins og Amerikanar. Þau eru hálf dökk en ég upplifi mig alveg sem Íslending og Breiðhylling þrátt fyrir þessa dvöl ytra.“ Tryggvi Pétur segir að mikið af fólki af Mexíkönskum ættum búi á því svæði þar sem þau áttu heima. Ég eignaðist ágæta vini á meðal þeirra og lærði spænsku. Ég hef ferðast til Suður Ameríku og á þessum tíma lærði ég að tungumálið er undirstaða svo margt. Mér finnst að fólk sem kemur hingað eigi að læra íslensku. Ég veit að systkini mín hafa ekki verið nægilega dugleg við það og vandinn er að hér geta flestir bjargað sér á ensku og fólk finnur því ef til vill ekki þörfina fyrir að læra íslensku. Ef maður býr í landi sem ekki er fódurlands manns þá skiptir mestu máli að læra tungumálin. Þannig kemst maður inn í samfélagið. Ég hef verið að vinna í byggingavinnu og margir vinnufélagar mínir eru frá Austur Evrópu – flestir frá Póllandi og allt upp í 90% af þeim. Þeim finnst óþarfi að læra tungumálið jafnvel þótt þeir hyggist vera hér á landi til frambúðar og þrátt fyrir að




Tryggvi Pétur í byggingavinnu á góðviðrisdegi.

sumir þeirra tali litla eða enga ensku og hafa því takmarkaða möguleika á samskiptum fyrir utan vinnuhópinn sinn og nánustu ættingja séu þeir hér á landi. Hugsunin er sú að læra ekki tungumáli – að þurfa þess ekki. Margir fá vinnu án þess að þurfa að nota íslensku bæði þar sem enska er að verða að aðaltungumáli og svo hinir sem ekki þurfa að nota tungumálið í vinnunni. Ég veit um Pólverja sem heldur vilja læra ensku en íslensku en spurning er um hvort þeir aðlagist samfélaginu frekar á bjagaðri ensku en á íslenskunni. Ég held ekki.“

Fór svo að semja ljóð

Og svo fór Tryggvi Pétur að skrifa. „Ég fór að skrifa. Ég hef alltaf haft gaman af tungumálum. Þetta tengist líklega. Í fyrstu var þetta leirburður hjá mér en svo fór ég að fá mér bækur og lesa mér til. Ég fór að kynna mér bragfræði – læra um stuðla og höfuðstafi sem mér finnst ákaflega gaman að fást við. Ég hef verið að lesa höfunda á borð við Stephan G. Stephansson sem er erfiður. Notaði mikið rím og kenningar í kveðskap sínum.

Og ég er að byrja á að lesa forn-sögurnar einkum Snorra Sturluson. Ég horfi á þetta sem nám í íslensku og einnig æfingu og undirbúning til þess að fást við frekari skriftir. Ég er að búa mér til stíl þar sem ég get nýtt bragfræðina og er raunar búinn að semja drög að bók sem fjallar um bernskuárin í Breiðholti. Þá gerðist svo margt á svo stuttum tíma og bókardrögin eru öll skrifuð í stuðluðum texta. Kannski á ég eftir að geta þau út.“



Í hjólreiðatúr. iPodinn er ekki langt undan.



„Og svo fór ég að semja ljóð.“ Tryggvi Pétur í hugull á góðum degi.



Kvöldskóli FB

Bóknám – verknám

70 áfangar í boði
Húsasmíðabraut
Sjúkraliðabraut
Rafvirkjabraut

Ýmsir áfangar til stúdentsprófs

Innritun í FB

Fimmtudaginn 17. ágúst frá kl. 17 til 19

Umsjónarmenn, námsráðgjafar, fagstjórar og áfangastjóri aðstoða.

Komið og fáið upplýsingar og ráðgjöf.

Allar nánari upplýsingar á kvold@fb.is

Kennsla hefst 23. ágúst samkvæmt stundaskrá.

Netinnritun fyrir haustönn 2017 er hafin á www.fb.is

Pandora

snýrti- og fóttaaðgerðastofa

í Mjódd s: 555-1006

býður upp á almennar snýrti-meðferðir ásamt fóttaaðgerð hjá löggildum fóttaaðgerðafræðingum.

Snýrtivörutilboð dagana:

21. ágúst-12. september.

20% afsláttur af öllum snýrtivörum, einnig ætlum við að bjóða

20% afslátt af Moroccanoil Lúxus handsnýrtingu til 12. september.



FALLEGIR LEGSTEINAR



Á GÓÐU
VERÐI

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskólinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Vilt þú læra meira um bílinn þinn?
Námskeið í bíltækni getur hjálpað.
- Vilt þú komast á skyndihjálpar námskeið fyrir bifreiðarstjóra?
- Vilt þú bæta þekkingu þína í umferðafræði?
- Ökuskólinn í Mjódd bíður upp á fjölda gagnlegra námskeiða um umferðamál.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Ópið 10-17 alla daga.



Skólasetning Hólabrekkuskóla 2017

Skólasetning verður þriðjudaginn 22. ágúst 2017

kl. 09:00 2. - 5. bekkur
kl. 11:00 6. - 10. bekkur

Eftir skólasetningu í hátíðarsal skólans fara nemendur með umsjónarkennara í sínar heimastofur. Nemendur í 1. bekk verða boðaðir sérstaklega í viðtöl með foreldrum sínum 22. og 23. ágúst.

Kennsla nemenda í 2. - 10. bekk hefst samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst.
Kennsla nemenda í 1. bekk hefst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 24. ágúst.

Skólastjóri.



Hluti af sumarhópi Hundraðogellefu og Hólmasels sumarið 2017.

Sumarstarfi lýkur og vetrarstarf hefst hjá Miðbergi

Þessa dagana er sumarstarfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva Miðbergs að ljúka og vetrarstarf að hefjast, samhliða upphafi skólustarfs. Fjöldi barna og unglunga í Breiðholti tók þátt í því fjölbreytta starfi sem boðið var uppá hjá Frístundamiðstöðinni Miðbergi.

Sumarstarfið gekk í alla staði vel. Vetrarstarf frístundaheimilanna fer af stað um leið og kennsla

hefst í grunnskólunum. Fyrsti opnunardagur félagsmiðstöðvanna er mánudagurinn 28. ágúst. Dagskrá frístundaheimilanna og félagsmiðstöðvanna verður fjölbreytt, að vanda, og leitast er við að koma til móts við þarfir allra. Starfsfólk Miðbergs hlakkar til vetrarins og þess að eiga áfram gott samstarf við íbúa Breiðholts.

Skólasetning Fellaskóla 2017

Skólasetning Fellaskóla verður þann 22. ágúst næstkomandi.

Nemendur mæta sem hér segir:

2. - 4. bekkur kl. 9.00

5. - 7. bekkur kl. 9.30

8. - 10. bekkur kl. 10.00

Nemendur 1. bekkja eru boðaðir í viðtöl með umsjónarkennurum.

Við hlökkum til að sjá ykkur öll, starfsmenn Fellaskóla.



Skólasetning Breiðholtsskóla 2017

Skólasetning í Breiðholtsskóla verður þriðjudaginn 22. ágúst:

2. - 4. bekkur mætir kl. 9:00

5. - 7. bekkur mætir kl. 10:00

8. - 10. bekkur mætir kl. 11:00

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þess að mæta með börnum sínum á skólasetningu í hátíðarsal skólans. Eftir skólasetningu fylgja nemendur umsjónarkennurum inn í kennslustofur.

Nemendum 1. bekkjar verður boðið í viðtal hjá umsjónarkennara mánudaginn 21. ágúst og þriðjudaginn 22. ágúst. Skólasetning hjá 1. bekk verður miðvikudaginn 23. ágúst kl. 8:30 - 9 og hefst kennsla samkvæmt stundatöflu eftir það.



VÖNDUÐ SMÁHÝSI



NormX framleiðir hér innanlands vinsæl og vönduð smáhýsi sem nýtast við allskonar aðstæður.

Vandað fullinangrað 14.9m² hús - eitt rými með baði og kaffihorni er vinsælasta útfærslan.

Rehau gluggar og hurðir. Vandaður panell festur með ryðfríum skrúfum. Ath! Húsin eru framleidd í mörgum útfærslum.



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKT VEÐUR

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Skiptifatamarkaðurinn í Gerðubergi fer aftur af stað

- gott dæmi um samfélagsverkefni



Skiptifatamarkaðurinn var utandyra á góðviðrisdegi í sumar.

Skiptifatamarkaður með barnaföt sem fór af stað í Gerðubergi fyrir á þessu ári hefur farið af stað í Breiðholti er að taka til starfa eftir sumarhlé. Það er Rauði krossinn í Reykjavík sem stendur að baki markaðnum í samstarfi við Fjölskyldumiðstöðina í Breiðholti. Fyrsti markaðsdagurinn var í Gerðubergi föstudaginn 31. mars sl. en næsti markaðsdagur verður í Gerðubergi laugardaginn 2. september og verður markaðsdagur síðasta laugardag í mánuði til loka nóvember til að byrja með. Raunar verða tveir markaðsdagar í september vegna þess að ekki verður markaðsdagur síðasta laugardag í ágúst.

Hugmyndin að skiptimarkaðnum varð til hjá Rauða krossinum í Reykjavík sem hafði markað þá stefnu

að breiða starfsemi þess með markvissari hætti út til hverfa borgarinnar og í framhaldinu verið ákveðið að hefja leikinn í Breiðholti í ljósi þess að sérstaða hverfisins er nokkur. Ákveðið var að hefjast handa í Breiðholti þar sem má finna styrk í fjölmenningu og fjölbreytni í hverfinu sem ætlunin er að reyna að draga hann fram í verkefnum Rauðakrossstarfsins. Vel hefur tekist til með markaðsdaginn og vilja aðstandendur hans hvetja fólk til að koma með hreinar og heilar flíkur sem nýtast fjölskyldunni ekki lengur og skipta fyrir föt í réttum stærðum. Í Gerðubergi verður lager af barnafötum sem fólk getur fengið í skiptum. Þarna er einnig kjörið tækifæri fyrir fólk í hverfinu að hittast með börn sín.

Skólasetning Ölduselsskóla 2017

Skólasetning Ölduselsskóla verður þriðjudaginn 22. ágúst.

- Kl. 9:00** 1. - 4. bekkur - skólasetning á sal - foreldrar hjartanlega velkomnir.
- Kl. 10:00** 5.- 7. bekkur - skólasetning á sal - foreldrar hjartanlega velkomnir.
- Kl. 11:00** 8. - 10. bekkur - skólasetning á sal - foreldrar hjartanlega velkomnir.

Að lokinni skólasetningu ganga nemendur með umsjónarkennurum sínum til stofu og fá afhentar stundatöflur og bókalista.



Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053



Tónskóli Sigursveins

1964 **50**³⁰₀₃ 2014
ÁRA

Getum bætt við nemendum á kennslustað okkar í Hraunbergi 2; í forskóla, á fiðlu, selló og rafbassa.

Sótt er um á heimasíðu skólans, tonskolinn.com
Upplýsingar í síma 568 5828.



ÍR bikarmeistari í frjálsum

ÍR-ingar tryggðu sér Bikarmeistaratítilinn í Frjálsum íþróttum eftir hörkuspennandi keppni í Kaplakrika við heimamenn.

ÍR-ingar urðu í öðru sæti í kvennakeppninni með 37 stig, aðeins einu stigi á eftir FH, en karlalið ÍR sigraði karlakeppnina með 44 stigum, tveim stigum á undan FH. Í heildarstigakeppninni sigruðu ÍR-ingar því með einu stigi. Breiðablik varð í þriðja sæti, Fjölnir fylgdi þar á eftir, HSK varð í fimmta sæti og Ármann í sjötta.

Bikarmeistarar ÍR eru:

400m – Ívar Kristinn Jasonarson varð í fyrsta sæti á 49.07sek.

Þristökk – Þorsteinn Ingvarsson sigraði og stökk 14,27m.

Kringlukast – Guðni Valur Guðnason sigraði og kastaði 57,30m.

Spjótkast – Guðmundur Sverrisson sigraði og kastaði 75,96m.

Í 1000m boðhlaupinu hlupu þeir Þorsteinn Ingvarsson, Einar Daði Lárusson, Þorkell Stefánsson, Ívar Kristinn Jasonarson á tímanum 1:57,65 og voru hársbreidd á eftir FH-ingum sem sigruðu.

100m – Tiana Ósk Whitworth sigraði á 11,81sek sem er undir gildandi mótsmeti en vindur var aðeins of mikill í hlaupinu

Nýjar
haustvörur

Netverslun á tiskuhus.is

My
Style
tiskuhús

Stærðir 38-52



my style



Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

Myndlistarskóli
Kópavogs

Láttu
DRAUMINN
rætast

Innritun
er
hafin.

Skoðið heimasíðuna
www.myndlistaskoli.is

Skiptifata-
markaður
Rauða krossins



Rauði krossinn í Reykjavík í samstarfi við fjölskyldumiðstöð Breiðholts efnir á ný til skiptimarkaðar með barnaföt í Gerðubergi!

Komdu með flíkur sem nýtast þinni fjölskyldu ekki lengur og skiptu fyrir föt í réttum stærðum. Fyrirkomulagið er þannig að í húsinu er lager barnafata, fólk kemur með hrein og heil barnaföt sem það hefur ekki not fyrir lengur og lætur okkur hafa, og getur fundið föt sem því hentar í staðin.

Næstu dagsetningar eru:

- Laugardaginn 2. september – kl. 13-15
- Laugardaginn 30. september – kl. 13 -15
- Laugardaginn 28. október – kl. 13 -15
- Laugardaginn 25. nóvember– kl. 13 -15

Takið dagana frá! Sjáumst í Gerðubergi - öll velkomin!

Einkarekið apótek í 60 ár

Frábær nýjung fyrir alla lyfjanotendur:

Vefverslun með lyf • Lyfseðlar • Lyfjaverð ofl.



Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



APPÓTEK
GARÐS APÓTEKS

APPÓTEK GARÐS APÓTEKS
er notendavænt vefforrit (app)
fyrir tölvur og farsíma
á vefsíðunni www.appotek.is

Sogavegi 108 · Sími 5680990 · Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar · gardsapotek.is · appotek.is

Undirbygging frjálsíþróttavallar ÍR

- framkvæmdur í fullum gangi

Um miðjan júlí hófust framkvæmdir að nýju við frjálsíþróttavöll á ÍR svæðinu. Fyrirtækið GT-hreinsun sér um jarðvegsskipti fyrir frjálsíþróttavöllinn og vallahús. Á síðasta ári var sett 1.5 m þykkt jarðvegsfarg ofan á vallahúsveðið.

Nú er verið að ýta farginu ofan af svæðinu og hluti jarðvegsins nýttur í manir umhverfis frjálsíþróttavöllinn og í æfingarsvæði vestan núverandi knattspyrnavalla. Síðan verður sett 80 cm fyllingarefni yfir allt frjálsíþróttavallahúsveðið og skipt um jarðveg fyrir vallahúsinu. Undirbyggingu vallahúsins á að vera lokið 15. október n.k. Vorið 2018 verður svo malbikað undir hlaupabrautirnar og gerviefni lagt á völinn. Á sama tíma á vallahúsið að vera tilbúið. Reykjavíkurborg kostar framkvæmdirnar.



Framkvæmdir við íþróttamannvirki ÍR í fullum gangi.

Nýtt gervigras lagt á ÍR-völlinn

Í lok júlí var hafist handa við að skipta um gras og gúmmifyllingu á gervigrasvelli ÍR í Mjódd. Fyrirtækið Metatron sér um verkið sem reiknað er með að ljúki í ágúst og kostað af Reykjavíkurborg.

Gólfín slípuð og lökkuð í íþróttahúsum

Slípun, endurmerking og lökkun parketgölfanna í íþróttahúsum ÍR við Austurberg og Seljaskóla fór fram í sumar. Handbolta- og körfuboltaíð ÍR munu því hefja keppnistímabil sín á nýslípuðum og lökkuðum gölfum í haust.

Umgjörð aðalleikvangs í knattspyrnu bætt

Innan skamms hefjast aðgerðir til að bæta umgjörð aðalleikvangs



Frjálsíþróttavöllur ÍR undirbyggður.

ÍR í knattspyrnu. Stígar að og frá velli verða malbikaðir, aðstaða fyrir fatlaða bætt, girðingar endurbættar og umgjörð áhorfendasvæðis bætt. Með framkvæmdunum verður aðstaða fyrir leikmenn

og áhorfendur bætt og um leið komið til móts við kröfur KSÍ um aðstöðu á knattspyrnuleikvöngum. Gleipnir verktakar sjá um framkvæmdina en aðgerðirnar eru styrktar af Mannvirkjasjóði KSÍ.

Meistaraflokkur ÍR-kvenna í körfubolta endurvakinn

ÍR mun tefla fram meistaraflokki kvenna í 1. deild á komandi leiktíð eftir 11 ára hlé. Á sínum tíma voru ÍR-konur frumkvöðlar í kvennakörfubolta hér á landi og unnu Íslandsmeistaratitilinn 11. sinnum í efstu deild.

Ólafur Jónas Sigurðsson mun þjálfar liðið í vetur og stýra uppbyggingu þess frá grunni en hann lék í langan tíma með meistaraflokki ÍR og þekkir því vel til innan félagsins. Átján leikmenn hafa þegar ákveðið að æfa og leika með félaginu á næsta tímabili.



Myndin sýnir tólf leikmenn hins nýja meistaraflokks kvenna ásamt þjálfara sínum að lokinni undirskrift samninga 10. ágúst s.l.



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

ÍR-ingar góðir á Rey Cup



Lið ÍR 2 í 4. flokki karla C liða fagnar sigri á Rey Cup.

Nokkur lið frá ÍR tóku þátt í Rey Cup alþjóðlegu knattspyrnumóti í laugardalnum 26. - 30. júlí og náðu frábærum árangri. Mótið er fyrir 13-16 ára og er þetta langstærsta knattspyrnumót landsins, fyrir þennan aldur, þar sem um 1.500 unglingar koma saman, spila fótbolta og skemmta sér.

Þriðji flokkur karla náði 2. sæti í keppni B-liða. Fjórdi flokkur kvenna náði 3. sæti í keppni B-liða. Fjórdi flokkur karla sendi tvö lið til leiks. ÍR 1 lenti í 5 sæti í keppni B-liða og ÍR 2 gerði sér lítið fyrir og sigraði í keppni C-liða eftir öruggan sigur í úrslitaleik.

Þrjú ÍR-ingar í U-20 landsliði Íslands í handbolta



ÍR-ingarnar í U-19 landsliðinu sem leikur á HM í Georgíu, Sveinn Brynjar Agnarsson, Sveinn Andri Sveinsson og Úlfur Kjartansson.

Uppbyggingarstarfið í handboltanum hjá ÍR er að bera árangur því þrjú ungir og efnilegir leikmenn ÍR leika um þessar mundir með landsliði Íslands skipuðu leikmönnum 19 ára og yngri á HM sem fram fer í Georgíu.

Ísland vann fyrstu tvo leikina gegn Japan og Chile. ÍR-leikmennirnir sem spila á HM eru Sveinn Brynjar Agnarsson, Sveinn Andri Sveinsson og Úlfur Kjartansson. Þjálfari unglíngalandsliðsins er svo ÍR-ingurinn Bjarni Fritzson sem þjálfar meistaraflokk karla hjá félaginu.



Sveinn Andri Sveinsson í leik gegn Chile.

Heimasíða
www.ir.is

GÓÐ VERÐ Í ÁGÚST



Iceland



PEPSI & PEPSI MAX
1L
129
KR/STK
129 KR/L

MCVITE'S DIGESTIVE
DARK AND MILK 300G
169
KR/STK
563 KR/KG



EPLA TOPPUR
500 ML
99
KR/STK
198 KR/L



DUREX
10 PACK +
GLÆDIHRINGUR
3 TEG.
599
KR/PK

AUNT MABEL
MUFFINS 3 TEG.
129
KR/STK
1265 KR/KG



LAY'S FLOÐUR 175 G
6 TEG
169
KR/STK
966 KR/KG



INNOCENT
SMOOTHIE
360 ML
269
KR/STK
747 KR/L



HÁMARK
SÜKKULAÐI
3 PACK
429
KR/PK
143 KR/STK



KIT KAT
4X41.5 G
199
KR/PK
1199 KR/KG



ARIZONA
DRYKKIR 500 ML
7 TEG
199
KR/STK
398 KR/L



GOTT & BLANDAT
HLAUP 4 TEG.
149
KR/STK
931/1149 KR/KG



MILT
FYRIR ALLA ÞVOTTA
2.56 G
899
KR/PK
351 KR/KG



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN ICELAND,
ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ